Fangelsismálastofnun ríkisins

Framkvæmdaáætlun varðandi uppbyggingu fangelsanna.

Á grundvelli skýrslna Fangelsismálastofnunar frá 12. október 2004 og 26. janúar 2005 um markmið í fangelsismálum og framtíðaruppbyggingu fangelsanna, hefur verið unnið að því í samvinnu við dómsmálaráðuneytið, að gera frumdrög að breytingum á fangelsunum og byggingu nýs fangelsis til að átta sig á umfangi og kostnaði.

Páll Tómasson arkitekt, sem tók að sér vinnu við Fangelsið Akureyri, skilaði tillögu að breytingum og viðbyggingu í janúar 2005. Til hans var leitað þar sem hann hafði nýlega annast vinnu við miklar breytingar á húsinu þ.e. lögreglustöðinni.

Arkitektarnir Finnur Björgvinsson og Hilmar Þór Björnsson skiluðu þann 25. febrúar 2005 tillögum sínum að breytingum á Kvíabryggju og Litla-Hrauni, svo og hugmyndum að nýju fangelsi á Hólmsheiði. Til þeirra var leitað vegna reynslu á þessu sviði en á árinu 1993 var tillaga þeirra um nýbyggingu og breytingar á húsnæði Fangelsisins Litla-Hrauni valin best og var þeim falin sú vinna sem lauk á árinu 1995. Auk þess sat Hilmar Þór í nefnd sem sá um kröfu- og þarfalýsingu fyrir alútboð á fyrri útgáfu á fangelsinu Hólmsheiði. Arkitektarnir komu auk þess að teikningu viðbótarbyggingar á Kvíabryggju árið 1999. Vífill Oddsson verkfræðingur vann kostnaðarútreikninga vegna allra verkþátta. Verður nú vikið að einstökum fangelsum. Tekið skal fram að virðisaukaskattur er innifalinn í öllum tölum.

Fangelsið Akureyri

Samkvæmt áætlun arkitektsins kosta breytingar á fangelsinu, stækkun þess og lögreglustöðvar, 152,2 m.kr. Þar af er þáttur fangelsisins 77,5 m.kr., lögreglu 37,6 m.kr., hönnun, umsjón og eftirlit 17,3 m.kr. og ófyrirséð 19,9 m.kr. Arkitekt gefur ekki upp tölu fyrir búnað en rétt er að bæta 10% við byggingarkostnað vegna hans eða 11,5 m.kr. Hlutur fangelsisins yrði þá 110,2 m.kr. en lögreglunnar 53,5 m.kr, samtals 163,7 m.kr. Gert er ráð fyrir að verkið sé unnið fyrir útboð með öllu sem til þess þarf. Samkvæmt lauslegri tillögu Páls Tómassonar arkitekts er áætlun verksins þannig:

Hönnunarvinna verði unnin á tímabilinu apríl-júní 2005 en útboð á verkinu fari fram í ágúst 2005. Samningur við verktaka verði kominn á í lok september 2005 og uppsteypa hússins fyrir 31. desember 2005. Verktaki gæti lokið sínu verki fyrir 1.

ágúst 2006 og útboð á lausum búnaði gæti farið fram í júní 2006. Með þessu móti er hægt að taka í notkun nýtt fangelsi á Akureyri í ágúst 2006. Samhliða framkvæmdum þarf síðan að hanna og bjóða út framkvæmdir á lóð en sá kostnaður er ekki inni í áætluninni.

Eins og bent hefur verið á í skýrslum Fangelsismálastofnunar samræmist rekstur fangelsisins ekki kröfum um nútímalegan rekstur fangelsis. Klefar eru þar flestir mjög litlir og loftræsting afar slæm. Þá er þar hvorki vinnuaðstaða né aðstaða fyrir heimsóknir til fanga og útvistarmöguleikar bágbornir. Ástand fangelsisins verður því í heild að teljast slæmt. Fangelsismálastofnun leggur til að þegar verði hafist handa við að ljúka teikningum og hönnun í samræmi við tillögur Páls Tómassonar og verkið síðan boðið út. Verði þetta ekki gert þarf að mati stofnunarinnar annað hvort að loka fangelsinu eða ráðast í viðamiklar endurbætur á því.

Fangelsið Kvíabryggju

Með skipulagsbreytingum er gert ráð fyrir fjölgun fangarýma í aðalhúsi um 6. Þá er gert ráð fyrir að húsi forstöðumanns verði breytt þannig að þar verði unnt að vista 2 fanga og að auki skrifstofur fangavarða og varðstjóra, kennslustofur, tómstundaherbergi o. fl. Húsið verður látið halda sér að öðru leyti enda gerir þessi breyting ekki ráð fyrir öðru en að settir verði upp veggir og húsið málað. Þá er gert ráð fyrir kostnaði við lagfæringar á lóðinni. Kostnaður er áætlaður 9,5 m.kr. og hönnunarkostnaður 0,7 m.kr. eða samtals 10,2 m.kr.

Fangelsismálastofnun leggur mikla áherslu á að fjölgað verði fangaplássum við opnar aðstæður svo sem er á Kvíabryggju. Þar sem hús forstöðumanns losnar í mars 2006 telur stofnunin að þegar eigi að ráðast í þessar framkvæmdir enda brýn þörf á að fjölga opnum fangelsisplássum. Þessum breytingum yrði lokið 1. ágúst 2006 og yrði þá hægt að vista 20 til 22 fanga á staðnum.

Fangelsið Litla-Hrauni

Gert er ráð fyrir að byggt verði nýtt steinsteypt hús á lóð fangelsisins þar sem á 1. hæð er gert ráð fyrir heimsóknaraðstöðu fyrir fanga, aðstöðu fyrir lækna, hjúkrunarfólk og sálfræðinga, fangamóttöku og mötuneyti starfsmanna. Á 2. hæð hússins yrði kvennadeild með 6 klefum og þar að auki kennslustofa, tómstundaherbergi o. fl. Kostnaður er áætlaður 186,1 m.kr.

Gert er ráð fyrir að núverandi íþróttahús verði stækkað og tekið undir vinnuaðstöðu, en mikil þörf er á húsrými til að geta boðið upp á fjölbreytilegri vinnu en nú er til staðar. Þá hefur verið mikill áhugi á því að geta boðið upp á starfstengt

nám, s.s. bifvélavirkjun o. fl. Gert er ráð fyrir límtréshúsi með einingum. Kostnaður er áætlaður 84,0 m.kr. Gert er ráð fyrir byggingu nýs íþróttahúss með búningsklefum en kostnaður við það er áætlaður 74,2 m.kr. Um er að ræða límtréshús, með einingum.

Kostnaðaráætlun vegna Litla-Hrauns er 379,0 m.kr. að meðtöldum kostnaði vegna lauss búnaðar, 34,7 m.kr. Við bætist hönnunarkostnaður 37,9 m.kr. Alls nemur kostnaður því 416,9 m.kr.

Fangelsismálastofnun telur að þegar verði að ráðast í að fullgera teikningar vegna þessara breytinga og byrja á byggingu hússins fyrir heimsóknir, kvennadeild o.fl. sem fyrst. Næst yrði íþróttahúsið reist og síðan lokið við aðrar framkvæmdir. Þá er nauðsynlegt að ganga frá lóð fangelsisins og útivistaraðstöðu í samræmi við hugmyndir stofnunarinnar frá 26. janúar 2005 en þær breytingar eru ekki innifaldar í verði. Unnt er að ljúka teiknivinnu á 6 mánuðum en gera verður ráð fyrir að framkvæmdir í heild taki um 1 ½ til 2 ár. Ef strax er hafist handa verður framkvæmdum lokið fyrir árslok 2007.

Fangelsið Hólmsheiði

Ný drög að fangelsinu á Hólmsheiði eru grundvölluð á hugmyndum stofnunarinnar í skýrslu frá 26. janúar 2005 og er vísað til hennar um nánari lýsingu. Einnig hefur að miklu leyti verið stuðst við drög að kröfu- og þarfalýsingu fyrir fangelsi á Hólmsheiði dags. í apríl 2004.

Teikningar gera ráð fyrir steinsteyptu þjónustuhúsi með skrifstofum, móttöku og heimsóknardeild o.fl. Íþróttahús yrði límtrésbygging úr einingum. Gert er ráð fyrir 5 fangaálmum á tveimur hæðum með samtals 54 klefum, þar af 6 sjúkraklefum. Fangaálmur yrðu byggðar úr steinsteyptum, viðhaldsléttum, forsteyptum einingum. Við hönnun er hugað að sveigjanleika með hámarksþjónustu með lágmarks mannafla. Þá er gert ráð fyrir mismunandi öryggisstigi á deildum, s.s. í hurðargerðum og frágangi glugga. Lauslegt kostnaðarmat er 1.033,0 m.kr. að viðbættum hönnunarkostnaði, 112,7 m.kr. eða samtals 1.145,7 m.kr.

Fyrri tillögur um fangelsið Hólmsheiði gerðu ráð fyrir 48 klefum auk 6 sérklefa og var heildarkostnaður framkvæmda áætlaður rúmlega 1,5 milljarður króna á verðlagi 2004. Núverandi tillögur gera ráð fyrir 300 fermetrum minna húsi, sem felst í minni yfirbyggingu o.fl. Þar að auki næst fram sparnaður með því að sleppa steinsteyptum vegg umhverfis húsið og aðlaga aðrar öryggiskröfur eftir þörfum. Þá er hugað sérstaklega að efnisnotkun.

Fangelsimálastofnun leggur áherslu á að bygging fangelsisins verði fullteiknuð í samvinnu við stofnunina. Síðan verði framkvæmdir boðnar út annað hvort sem

einkaframkvæmd eða í almennu útboði. Hönnunartími er áætlaður 9-12 mánuðir en byggingartími er um 2 ár þannig að framkvæmdum gæti verið lokið 2008.

Niðurlag

Eins og rakið hefur verið hér að framan eru lagðar til viðamiklar breytingar á þremur fangelsum auk byggingar nýs fangelsis. Eftir það yrðu fangarýmí í landinu 176-178. Heildarkostnaður þessara framkvæmda er, að viðbættum hönnunarkostnaði, áætlaður um 1,7 milljarðar króna eða álíka og kostnaður var áætlaður við fyrri áform um fangelsi á Hólmsheiði eitt sér. Inni í hönnunarkostnaði er kostnaður vegna arkitekta, verkfræðinga, raflagnahönnuða og lagnahönnuða. Hins vegar er ekki gert ráð fyrir sérsöku öryggiskerfi, sem gæti hækkað kostnað vegna raflagnahönnunar eitthvað. Kostnaður vegna frágangs lóða á Hólmsheiði og við Fangelsið Akureyri er ekki innifalinn.

Samantekt framkvæmdakostnaðar	
Kvíabryggja, samtals	10.209.650
Litla Hraun, samtals	416.900.000
Hólmsheiði, samtals	1.145.657.200
Fangelsi og lögreglustöð Akureyri, samtals	163.726.750
	1.736.493.600

Miðað við útreikninga Fangelsismálastofnunar hækkar rekstrarkostnaður fangelsanna um tæplega 190,0 m.kr. á ári eftir að framkvæmdum er endanlega lokið. Langstærstur hlutinn er vegna fangelsisins á Hólmsheiði. Er hér um að ræða jafnvel lægri tölu en útreikningar stofnunarinnar sýndu varðandi byggingu fangelsisins á Hólmsheiði samkvæmt fyrri tillögum.

Síðan áform um lokun Hegningarhússins urðu ljós hafa margir aðilar sýnt húsinu áhuga og spurst fyrir um kaup á því. Húsið er friðað og setur það nýtingu einhverjar skorður. Hins vegar fylgir húsinu stór lóð og múr umhverfis hana sem ekki er friðaður. Ljóst er því að mikil verðmæti kunna að vera fólgin í eigninni. Þá eru einnig talsverð verðmæti fólgin í húsi og lóð við Kópavogsbraut 17. Að sjálfsögðu ber að hafa þetta í huga þegar til skoðunar kemur kostnaður við byggingu nýs fangelsins á Hólmsheiði.

Við uppbyggingu fangelsanna er sérstaklega horft til þeirra í heild sinni. Þannig á að vera unnt að ná því meginmarkmiði stofnunarinnar:

„Að afplánun fari fram með öruggum hætti þannig að réttaröryggi almennings sé tryggt og tilætluð sérstök og almenn varnaðaráhrif fangelsisvistarinnar séu virt.“

Breytingin gefur einnig möguleika á að fylgja eftir einstaklingsmiðuðum áætlunum fyrir fanga, þannig að viðkomandi einstaklingar geti betur náð að fylgja eftir þeim jákvæðu markmiðum sem þeir setja sér. Sömuleiðis gefa þessar breytingar tækifæri til að fylgja betur eftir viðeigandi meðferðaráætlunum, s.s. sérhæfðri meðferð til ákveðinna brotahópa auk bættra möguleika á að sinna föngum sem eiga við erfið andleg vandamál að stríða. Að lokum aukast til muna möguleikar á aðlögun fanga að samfélaginu að nýju. Allt saman ýtir þetta undir það að fangar hafi betri möguleika eftir fangavistina en fyrir hana til að lifa lífinu án afbrota. Þar með næðist það markmið stofnunarinnar

„Að draga úr líkum á endurkomu fangans í fangelsi vegna nýrra afbrota.“

Fangelsismálastofnun ítrekar þau sjónarmið sín frá fyrri skýrslum að rekstri Hegningarhússins verði hætt sem fyrst. Þá er minnt á að horfur eru á að fangelsið Kópavogsbraut 17 verði rifið vegna skipulagsbreytinga á allra næstu árum auk þess sem það hentar afar illa langtíma kvenföngum. Bent er á að CPT nefndin hefur nú ítrekað kröfur sínar frá skýrslu nefndarinnar 1998 um að íslensk stjórnvöld setji byggingu gæsluvarðhaldsfangelsis á höfuðborgarsvæðinu í algeran forgang. Áréttuð eru sjónarmið um að þörf sé á fleiri opnum fangarýmum á Kvíabryggju og að nauðsynlegar séu breytingar á Fangelsinu Akureyri.

Reykjavík, 14. mars 2005

Valtýr Sigurðsson (sign.)